


MENNING
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 25. APRÍL 1992

BLAÐ **B**ÞITT LAND
— ÞÍN JÖRÐ

Brennandi jörðin er þar, bítandi frostið — og hafið, svo eilítil mold og klettur, eða steinnybba — kannski heilt fjall. Hver veit? Það er svart. Og eldurinn og ísinn bregða á leik, og hafið; renna saman, rautt, hvítt og blátt. Svo hclar og vatnið gýs úr moldinni og grjótinu, dagljóst og ilmandi af leir. Það er bæði heitt og kalt og dimmt og hjart og moldin rýkur í logninu. Þetta er landið þitt — þín jörð — og þú getur snert hana; þessa finlegu þræði sem liggja út um allt í mynd sem er ofin af mynd sem við eigum öll af jörðinni sem gefur okkur allt um leið og hún tekur allt til baka þegar við sameinumst henni í moldinni: Lífið og dauðinn tveir svipir á sömu ásjónu.

Það eru þessir svipir lífs og dauða, andstæðurnar í náttúru landsins sem mótar okkur, sem Ásgerður Búadóttir hefur valið að binda í vef sinn. Í dag opnar hún sýningu á verkum sínum í Gallerí Nýhöfn. Ásgerður má með sanni teljast frumkvöðull veflistarinnar hér á landi. Strax í upphafi ferils hennar var ljóst að hún var mjög efnileg í sinni grein, því árið 1956 vann hún gullverðlaun á Alþjóðlegu list- og handiðnaðarsýningunni í München fyrir tvo stílfærða myndvefnaði sem hún kallaði

„Stúlka með fugl“.

„Ég hef aldrei lært að vefa,“ segir Ásgerður. „Eins og aðrir sem fara í myndlistarnám, ætlaði ég mér að verða málari. Eftir námið í Handíða- og myndlistarskólanum hér (nú MHI), hélt ég til frekara náms við Akadémíuna í Kaupmannahöfn. Þegar líða tók á námið fór ég að efast um að verða meira en miðlungsmálari — og það var ekki góð tilfinning.“

Í lok námstímans sá Ásgerður sýningu í Kaupmannahöfn á franskri veflist. „Það lá eitthvað í loftinu,“

segir hún, „sem varð til þess að ég fór að hugsa um vefnað.“ Verk Ásgerðar hafa alltaf verið mjög málari og bera þess glöggvitni að grunnur hennar er í málverkinu. „Ég hef alltaf lítið á mig sem myndlistarmann,“ segir Ásgerður, „án nánari skilgreiningar, þótt ég hafi valið þetta efni til að tjá það sem mig langar að segja. Ég byrjaði eiginlega mjög seint að vinna og það var kannski tíminn sem rétti mér efnidupp í hendurnar. Hefði ég byrjað fyrir, er ekki víst að ég hefði fundið að þetta væri mitt efni til túlkunar.“

Þær eru ótal margar sögurnar, af konum í ritlist og myndlist, sem hafa byrjað seint — þegar börnin eru uppkomin — eða gefist upp vegna anna á heimili. Ófáar þeirra eru af fyrirrennrum Ásgerðar. Þegar ég spurði hvort eitthvað hefði þótt athugasvert við að hún færi í myndlist, litur hún undrandi á mig og segir: „Nei, þegar ég fór til Danmerkur var fjöldi kvenna búinn að



RÆTT VIÐ
ÁSGERÐI BÚADÓTTUR
MYNDLISTARMANN

fara, og veistu, ég lít ekkert fremur á mig sem konu en mann, þegar listin er annars vegar. Á þessum tíma var líka bara eitt stéttarfélag myndlistarmanna; við vorum öll undir sama hatti og ég varð aldrei vör við að það væri gerður greinarmunur á okkur eftir kyni, né eftir efninu sem við unnum í. Enda hef ég aldrei fundið mig í sérstökum flokki og skilgreining hefur aldrei verið mér lífsspursmál. Í myndlist velur maður

sér bara efni og það er árangurinn sem skiptir mestu máli. Þessi greinarmunur á myndlistarkonu og myndlistarmanni held ég hafi ekki komið fyrir en með kvennabaráttunni — og ég veit ekki hvort það var myndlistarkonunum til góðs.“

— Ásgerður, þegar ég skoða myndirnar þínar finnst mér alltaf eins og þú hafir verið einhvers staðar ein uppi á hálendi að vefa.

Hún hlær. „Það er kannski vegna þess að ég vinn í svo mikilli einangrun, allt frá því á haustin og þar til fer að birta aftur af degi. Þá kemur í mig óeirð og ég þarf að ferðast; fara til útlanda, sjá menningu og listir annars staðar. Svo þegar ég kem til baka, finnst mér landið vera nýtt, svo miklu falletta en mig minnti að það væri. Þetta er svo lífandi land og ég hef alltaf viljað nálgast það sem slíkt. Ég eyði löngum tíma í að velta því fyrir mér hvernig ég kem áhrifum þess og sambandi mínu við það inn í það stranga form sem veflistin er; ekki bara því sem ég sé, heldur það sem ég finn. Ég les kannski um elda fyrir norðan, þar sem jörðin brennur undir fótum og ég fer að vefa rautt ...

Þetta er kannski fremur spurning um að meðtaka náttúruna en óttast hana og það er ólýsanleg tilfinning þegar manni tekst það sem maður ætlar sér.“

VIÐTAL: SÚSANNA
SVAVARSDÓTTIR